

Föstudaginn 21. mars 1924.

Nr. 1/1924.

Valdstjórnin

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Guðmundi Jónatanssyni, Jóni Guðmundssyni, Sveini Guðmundssyni og Sveini Sigurðssyni.

(Pjetur Magnússon).

Spurning um brot á reglum um mjólkursölu á Ísafirði.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðarsýslu 15. okt. 1923: Kærðir Guðmundur Jónatansson, Jón Guðmundsson, Sveinn Guðmundsson og Sveinn Sigurðsson greiði hver um sig 40 kr. sekt til bæjarsjóðs Ísafjarðar.

Allan af málinu leiðandi kostnað greiði kærðir in solidum. Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það sjest á niðurlagi 1. mgr. 3. gr. reglna um mjólkursölu á Ísafirði nr. 64/1921, að bannið í upphafi 1. gr. við mjólkursölu í bænum, án leyfis heilbrigðisnefndar, á yfirleitt ekki við sölu þeirra mjólkurframleiðenda, sem eiga heima utan Eyrarlands, en svo er ástatt um alla hina kærðu, og að minsta kosti ekki við sölu þeirrar mjólkur, sem seld er á heimilum nefndra framleiðenda.

Og það er in confesso, að heilbrigðisnefndin á Ísafirði hafði ekki notað sjer heimild þá til að banna mjólkursölu framleiðenda utan Eyrarlands, samkvæmt áður tilvitnaðri 1. mgr. 3. gr., þá er brot kærðu eiga að hafa átt sjer stað.

Hinum kærðu var því ábyrgðarlaust að selja mjólk til Ísafjarðar frá heimilum sínum, enda má telja það upplýst, að mjólk sú er þeir seldu til Ísa-

fjarðar hafi borist neytendum hennar þar með sömu ummerkjum, sem hún fór með frá heimilum þeirra. Það verður því að sýkna alla hina kærðu af kærum valdstjórnarinnar og þá jafnframt leggja allan kostnað málsins bæði í hjerði og hæstarjetti, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda hjer í rjetti, 60 kr. til hvors, á almannafje.

Þvi dæmist rjett vera:

Hinir kærðu, Guðmundur Jónatansson, Jón Guðmundsson, Sveinn Guðmundsson og Sveinn Sigurðsson, eiga að vera sýknir af kæru valdstjórnarinnar.

Allur kostnaður sakarinnar bæði í hjerði og hæstarjetti greiðist af almannafje, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda, hæstarjettarmálaflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Pjeturs Magnússonar, 60 kr. hvorum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað með stefnu útgefinni 10. ágúst þ. á. gegn bændunum Guðmundi Jónatanssyni á Fossum, Jóni Guðmundssyni á Hafrafelli, Sveini Guðmundssyni á Góustöðum og Sveini Sigurðssyni í Arnardal, allir í Eyrarhreppi, fyrir brot á reglum um mjólkursölu á Ísafirði frá 10. júní 1921.

Tildrög málsins eru á þessa leið:

Á fundi heilbrigðisnefndar Ísafjarðarkaupstaðar, var samkvæmt reglum um mjólkursölu á Ísafirði 10. júní 1921 samþykkt að fela Karlínu Jóhannesdóttur, hjer í bænnum, einni, útsölu á allri aðfluttri mjólk til bæjarins frá 15. júní þ. á. Sölu mjólkurinnar má haga þannig, að hver mjólkurframleiðandi útvegi sjálfur kaupendur að mjólk sinni, enda skal hann þá leggja mjólkur-

sala til hæfilegt flát undir hana. Mjólkursali ber að eins ábyrgð á innheimtu andvirðis þeirrar mjólkur, er hann útvegar kaupendur að. Ennfremur var á fundi heilbrigðisnefndar 25. júní s. á samþykkt að fela einnig Olgu Bergsveinsson útsölu á aðfluttri mjólki, enda uppfylli hún sömu skilyrði og Karlinna Jóhannesdóttir.

Báðar þessar samþykktir voru kunngerðar með uppfestum auglýsingum í bænnum, og í auglýsingunni um síðari samþykktina var þess sjerstaklega getið, að ríkt yrði gengið eftir að aðflutt mjólk yrði eigi seld annarsstaðar.

Hinir kærðu, er aldrei hafa sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot hafa kannast við að þeim hafi verið kunnugt um framangreindar ráðstafanir heilbrigðisnefndar, og með eigin játningu þeirra og öðrum gögnum er eftirfarandi nægilega sannað í málinu.

Guðmundur Jónatansson.

Eftir það að samþykkt heilbrigðisnefndar um mjólkursölu var gengin í gildi 15. júní þ. á. sendi kærður mjólk sína á mjólkursölustað Karlinnu Jóhannesdóttur, en mjólkinn gekk eigi út öll, nema við og við. En það sem afgangs var, tók mjólkurboð kærðs með sjer til baka daginn eftir og var hún þá farin að súrna, og orðin að litlum notum. Kærðum mislíkaði þetta og 13. júlí þ. á. fór hann að senda nokkuð af mjólkinni beint til 3ggja viðskiftamanna sinna hjer í bænnum eða samtals tæpa $2\frac{3}{4}$ lítra, en auk þess sendi hann hingað 14 lítra sumpart til Karlinnu Jóhannesdóttur og sumpart til Olgu Bergsveinsson.

Kærður hefir haldið því fram, að Karlinna Jóhannesdóttir hafi í fyrstu heimilað sjer að flytja mjólkina heim til neytendanna í ílátum þeirra, gegn því að greiða henni 5% í ómakslaun. En gegn mótmælum Karlinnu er þetta eigi sannað, enda lítur rjetturinn svo á, að það sje eigi á valdi mjólkursala að gera undanþága frá ákvæðum heilbrigðisnefndar.

Að því er kærðan Jón Guðmundsson snertir, er það sannað, að eftir að samþykkt heilbrigðisnefndar gekk í gildi, hjelt kærður áfram að senda tæpa $2\text{ og } \frac{3}{4}$ lítra mjólkur heim til tveggja fyrri viðskiftamanna sinna, hjer í bænnum, sem sje $\frac{3}{4}$ potts til annars en 2 potta til hins. En neytandi greindra $\frac{3}{4}$ potts hafði fengið leyfi hjá manni Karlinnu Jóhannesdóttur fyrir því, að mjólkurboð kærðs færði neytandanum mjólkina heim til hans.

Hinn hluta mjólkurinnar, um 20 lítra sendi kærður til

Karlínu Jóhannesdóttur, í flátum þeim, er hann áður hafði sent mjólkina í til neytendanna, hjer í bænum. En mjólkursalan afhenti svo mjólkina aftur til viðskiftamanna kærðs í sömu flátunum gegn 5% þóknun af söluandvirði mjólkurinnar. En kringum miðjan júlí þ. á. flutti kærður sig með mjólk sína frá Karlínu Jóhannesdóttur til hins mjólkursalans, Olgu Bergsveinsson.

Kærður heldur því fram, að hann hafi eigi brotið í bága við reglurnar um mjólkursölu, þar eð hann telji sig selja mjólkina heima hjá sjer, á Hafrafelli og sendi hana einungis til viðskiftamanna sinna hjer í bænum.

Sveinn Guðmundsson.

Það er sannað í málinu, að þann dag, er samþykkt heilbrigðisnefndar gekk í gildi, fór kærður með tæpa 4 lítra mjólkur til Karlínu Jóhannesdóttur, en hún tók einungis við rúmum $\frac{1}{4}$ hluta mjólkurinnar. Hitt fór hann með aftur heim til sín. Fór kærður þá að selja mjólk sína heima hjá sjer, sumpart til viðskiftamanna í nágrenninu og sumpart til viðskiftamanna á Ísafirði samtals tæpa 4—5 lítra á dag.

Heldur kærður því fram að hann áliti sig hafa heimild til að selja viðskiftamönnum sínum á Ísafirði mjólk, þrátt fyrir samþykkt heilbrigðisnefndar, þar eð hann selji mjólkina heima hjá sjer og sendi hana síðan til viðskiftamanna sinna, hjer í bænum.

Sveinn Sigurðsson.

Með játningu kærðs er það sannað, að hann hjelt áfram að færa fyrri viðskiftamönnum sínum hjer í bænum, mjólk, heim til þeirra, þrátt fyrir samþykkt heilbrigðisnefndar. Kveðst kærður nokkru áður en samþykkt heilbrigðisnefndar gekk í gildi, hafa verið sjer í útvegum um kaupendur að mjólk sinni, hjer í bænum, kringum 26 lítra, og samið svo við þá, að þeir keyptu af honum mjólkina heima hjá honum í Arnardal fyrir 45 auru hvern pott, en auk þess áttu þeir að greiða 15 auru á pott í flutningskostnað til Ísafjarðar. En daginn sem samþykkt heilbrigðisnefndar gekk í gildi, fór kærður á fund Karlínu Jóhannesdóttur og kveðst hafa fengið leyfi hennar til þess fyrst um sinn að færa viðskiftamönnum sínum sjálfur mjólkina, meðan þeir væru að átta sig á breytingunni og meðan hann væri að reyna að fá þá til að sækja mjólkina á útsöluastaðinn. En hinsvegar kveðst Karlínna einungis hafa samsint því, að kærður afhenti viðskiftamönnum sínum sjálfur mjólkina meðan hann væri að útvega sjer flát undir hana. Er það því eigi sannað í málinu, að mjólkursala hafi samsint frekar,

enda ekkert upplýst í málinu um það, að nokkur breyting yrði að þessu leyti á afhending mjólkurinnar af hálfu kærðs, þann rúman mánuð, er leið frá því hjer umrædd mjólkursala byrjaði og þangað til mál þetta var kært.

Samkvæmt framansögðu virðast kærðu því hafa selt mjólk sína hingað til bæjarins í bága við ákvæði heilbrigðisnefndar. En spurning er svo um það, hvort heilbrigðisnefnd hafi með lögum heimild til þess að gera ákvæði um sölu aðfluttrar mjólkur eins og hjer hefir átt sjer stað. Skal í þessu tilliti tekið fram:

Með lögum nr. 32, 1918 um mjólkursölu á Ísafirði, er bæjarstjórn Ísafjarðar heimilað að setja ákvæði um alt, er lítur að meðferð og gæðum rjóma og mjólkur, er selja á í kaupstaðnum, svo og um tölu og legu útsölastaða þeirra vörutegunda, ennfremur að ákveða, að enginn megi standa fyrir sölu mjólkur eða rjóma til almennings, nema með samþykki heilbrigðisnefndar, er einnig hefir heimild til þess að svifta mjólkursala leyfinu.

Samkvæmt þessari lagaheimild hefir svo bæjarstjórn Ísafjarðar samið reglur um mjólkursölu á Ísafirði og stjórnarráðið samþykkt þær 10. júní 1921.

Það virðist samkvæmt þessu nægilega ljóst, að reglur um mjólkursölu á Ísafirði 10. júní 1921, hafa lagaheimild. En í 1. gr. þeirra segir: „mjólk má eigi selja í bænum, nema með samþykki heilbrigðisnefndar“. Ákvæði þetta í sambandi við tilsvarendi ákvæði fyrgreindra heimildarlaga verður nú að skilja svo, að það sje á valdi heilbrigðisnefndar að setja ákvæði um sölu aðfluttrar mjólkur eins og átt hefir sjer stað þannig, að sala aðfluttrar mjólkur skuli og megi einungis fara fram á hinum tilteknu útsölastöðum, er því beri að skoða sem einkasölastaði. Í ákvæðinu felst tvent, sem sje sölubann og innflutningsbann, á allri aðfluttri mjólk, nema frá hinum fyrirskipuðu útsölastöðum. Það skiftir því eigi máli, hvort kærðir telji sig hafa selt mjólkina heima hjá sjer og einungis sent hana frá sjer til viðskiftamanna sinna hjer í bænum, eða hvort þeir selja mjólkina neytendum hjer á staðnum, því hvorttveggja virðist vera óheimilt.

Með skírskotun til framanritaðs, hafa kærðir því að rjettarins álitu orðið sekir um brot gegn tjeðum reglum um mjólkursölu á Ísafirði og að þeir eigi að sæta sektum fyrir brotið, er þykir hæfilega metin 40 kr. fyrir hvern þeirra og renni sektin í bæjarsjóð Ísafjarðar, sbr. 4. gr. í reglum um mjólkursölu á Ísafirði 10. júní

1921. Svo ber og kærðum að greiða in solidum allan af málinu leiðandi kostnað.

Málinu hefir verið hraðað lögum samkvæmt.

Mánudaginn 31. mars 1924.

Nr. 67/1923.

Einar Rísberg

gegn

Magnúsi Kjartanssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Einar Rísberg, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til rikissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Mánudaginn 31. mars 1924.

Nr. 68/1924.

Einar Rísberg

gegn

Árna Árnasyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Einar Rísberg, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til rikissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.
